



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2007

Kvörtun Helga Hermannssonar yfir skráningu og notkun Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á léninu sirkus.is

I.

Erindið

Með erindi, dags. 12. júlí 2005, til Neytendastofu kvartar Geir Gestsson, lögfr., f.h. Helga Hermannssonar, yfir skráningu og notkun Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á léninu sirkus.is. Þess er krafist að Íslenska sjónvarpsfélaginu verði gert að afskrá léninu að viðlögðum dagsektum og að fyrirtækið verði sektað fyrir óréttmæta viðskiptahætti.

Í erindinu segir að Helgi, sem sé starfsmaður fjölmiðlafyrirtækisins 365 ljósvakamiðla hf., eigi vörumerkið Sirkus (orð- og myndmerki) skráð hjá Einkaleyfastofu. Réttthafi skráningar lénsins sirkus.is hjá ISNIC sé hins vegar Íslenska sjónvarpsfélagið.

Helgi hafi unnið að þróun viðskiptahugmyndarinnar Sirkus og sótt um skráningu lénsins sirkus.is hjá ISNIC þann 1. apríl 2005 og um skráningu orð- og myndmerkis hjá Einkaleyfastofu 4. apríl 2005. Helgi hafi greitt skráningargjald vegna lénsins að fullu og innan frests en ranglega hafi verið talið að greiðsla hafi ekki borist þar sem greitt var af persónulegum bankareikningi Helga en umsóknin var í nafni einkafyrirtækis hans. ISNIC hafi því hafnað umsókn um skráningu lénsins. Íslenska sjónvarpsfélagið hafi gripið tækifærið og sótt um skráningu lénsins og var það skráð sem réttthafi þann 13. apríl 2005. Niðurstöðu ISNIC hafi Helgi skotið til úrskurðarnefndar léna þar sem hún var staðfest.

Vörumerkið Sirkus hafi verið skráð í flokka 38 og 41 m.a. fyrir fjarskipti, skemmtiefni og fræðslu þann 6. maí 2005. Vinnuveitandi Helga, 365 ljósvakamiðlar, hafi stofnað sjónvarpsstöðina Sirkus í júní 2005 og hafi Helgi veitt samþykki sitt fyrir notkun vörumerkis síns. Einnig sé gefið út Sirkus tímarit auk þess sem stefnt sé að því að nýta vörumerkið á fleiri vígstöðvum. Íslenska sjónvarpsfélagið, sem sé keppinautur 365 ljósvakamiðla, haldi þrátt fyrir þetta úti léninu sirkus.is sem beini tölvunotendum inn á heimasíðu Íslenska sjónvarpsfélagsins, sjónvarpsstöðvarinnar Skjás eins.



Tekið er fram að Íslenska sjónvarpsfélagið hafi brotið gegn 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Háttsemi fyrirtækisins feli ekki í sér góða viðskiptahætti þar sem það hafi enga lögmæta hagsmuni af notkun lénsins heldur sé tilgangurinn með notkun lénsins sá að koma í veg fyrir að sjónvarpsstöðin Sirkus og aðrir fjölmiðlar tengdir henni geti starfrækt heimasíðu. Þá feli það í sér rangar og villandi upplýsingar að lén sem beri nafn sjónvarpsstöðvar leiði tölvunotanda inn á heimasíðu keppinautar. Helgi sé skráður eigandi vörumerkisins Sirkus og hann hafi heimilað 365 ljósvakamiðlum notkun merkisins en ekki Íslenska sjónvarpsfélaginu. Vörumerki Skjás eins sé skráð í sömu flokka og því sé mjög mikil líking með vörumerki Helga og léninu.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. júlí 2005, var erindi Helga sent Íslenska sjónvarpsfélaginu til umsagnar. Ekkert svar barst.

Einar Þór Sverrisson hdl., f.h. Helga, sendi með bréfi, dags. 6. september 2005, auglýsingaefni sem sýni fram á notkun 365 ljósvakamiðla á vöruheitinu og –merkinu Sirkus. Íslenska sjónvarpsfélagið hafi ekkert gert til að hindra notkunina á nafninu sem megi skoðast sem svo að Íslenska sjónvarpsfélagið geri enga kröfu til nafnsins og það sama eigi við um lénið sirkus.is.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 19. september 2005, voru frekari athugasemdir Helga vegna málsins sendar Íslenska sjónvarpsfélaginu. Svar barst frá Íslenska sjónvarpsfélaginu, dags. 13. október 2005.

Þar segir að Helgi hafi verið starfsmaður Íslenska sjónvarpsfélagsins þegar hann óskaði fyrst skráningar á léninu sirkus.is og að viðskiptahugmyndin Sirkus hafi verið í umræðu innan fyrirtækisins. Því hafi Íslenska sjónvarpsfélagið lögmæta hagsmuni af skráningunni en ætli sér ekki að hindra keppinaut með skráningunni enda sé Helgi sammingsbundinn til að fara ekki í samkeppni við Íslenska sjónvarpsfélagið næstu tólf mánuði.

2.

Einari Þór Sverrissyni hdl., f.h. Helga, var sent svar Íslenska sjónvarpsfélagsins til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 26. október 2005. Svar lögmannsins er dagsett 1. nóvember 2005 og eru þar fyrri rök ítrekuð.



Þar segir að málið varði verulega viðskiptahagsmuni Helga og léninu sé haldið frá honum með ólögmætum hætti af aðila sem eigi hvorki tilkall til nafnsins Sirkus né reki starfsemi undir því nafni. Sjónvarpsstöðin Sirkus sé send út endurgjaldslaust og sé því í beinni samkeppni við Skjá einn, sem Íslenska sjónvarpsfélagið eigi og reki. Þá hafi Helgi fengið vörumerkið skráð athugasemdalaust hjá Einkaleyfastofu.

3.

Bréf lögmanns Helga var sent Íslenska sjónvarpsfélaginu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 3. nóvember 2005. Ekkert svar barst.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 14. desember 2005, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni. Með bréfi, dags. 7. júlí 2006, tilkynnti Neytendastofa enn um töf á afgreiðslu málsins.

4.

Með tölvupósti, dags. 2. ágúst 2006, upplýsti Íslenska sjónvarpsfélagið að lénið sirkus.is væri ekki lengur í eigu fyrirtækisins heldur hefði öllum rétti verið afsalað til Sisól ehf., sem ræki veitingastað undir nafninu Sirkus.

Einar Þór Sverrisson hdl., f.h. Helga, sendi viðbótargögn með bréfi, dags. 9. ágúst 2006. Þar segir að í úrskurði Persónuverndar í máli nr. 2005/251 hafi Helgi kvartað yfir því að framkvæmdastjóri Skjás eins hafi lesið tölvupóst hans með ólögmætum hætti. Niðurstaðan sé sú að kröfur hans hafi verið teknar til greina. Þá hafi verið lagt lögbann við ráðningu Helga hjá keppinautum vegna starfsloka hans hjá Skjá einum en í héraðsdómi hafi lögbannið verið fellt úr gildi. Við aðalmeðferð lögbannsmálsins hafi verið tekin aðilaskýrsla af framkvæmdastjóra Skjás eins þar sem hann segist hafa skráð lénið sirkus.is eftir að hafa lesið tölvupóst um að það ætti að heita Sirkus hjá keppinautum. Lénið hafi verið skráð með S en ekki C vegna þess að í bréfi til þáverandi forstjóra 365 miðla hafi komið fram að viðskiptahugmyndin ætti að heita Sirkus með S. Af framangreindu sé ljóst að forsvarsmaður Skjás eins hafi verið í vondri trú þegar hann hafi skráð lénið auk þess sem hann hafi komist yfir upplýsingarnar með ólögmætum hætti. Það geri brot hans gegn lögum nr. 57/2005 enn alvarlegri og krafa um viðurlög sé ítrekuð.

5.

Neytendastofa óskaði eftir því við Geir Gestsson hdl., f.h. Helga, með bréfi dags. 10. ágúst 2006, að upplýst yrði hvort hann teldi ástæðu til áframhalds málsins gegn Íslenska sjónvarpsfélaginu með vísan til þess að léninu hefði verið afsalað til Sisól.

Svar hans er dagsett 24. ágúst 2006 og þar er farið fram á að Neytendastofa taki ákvörðun í málinu. Tekið er fram að framsal lénsins hafi verið ólöglegt því að ekki



hafi verið fyrir hendi samþykki eiganda vörumerkjaskráningarinnar. Skilyrði umskráningar léna líkt og nýskráningar sé að lén sé ekki eins og skrásett vörumerki sem orðmerki hjá Einkaleyfastofu og vörumerki hafi verið skráð áður en lén var skráð. Skráning lénsins hafi átt sér stað eftir skráningu vörumerkis kvartanda, án samþykkis og í óþökk eiganda vörumerkisins og því sé hún ólögmat. Auk þess sé eini tilgangur framsalsins til Sisól að halda léninu frá 365 miðlum.

6.

Með bréfi Neytendastofu til Íslenska sjónvarpsfélagsins, dags. 2. október 2006, var tilkynnt að ekki væri ástæða til að fella málið niður vegna framsals lénsins til þriðja aðila. Jafnframt voru frekari gögn frá lögmanni Helga send Íslenska sjónvarpsfélaginu.

Svar Íslenska sjónvarpsfélagsins er dagsett 5. október 2006 og þar segir að í úrskurði Persónuverndar sé sagt að forsvarsmönnum Íslenska sjónvarpsfélagsins hafi borið að gefa Helga kost á að vera viðstaddur skoðun tölvupósts hans. Þá hafi lögbannið aldrei verið tekið til efnislegrar meðferðar heldur vísað frá dómi vegna aðildarleysis Símans eftir samruna Íslenska sjónvarpsfélagsins og Símans meðan á málsmeðferð stóð. Framkvæmdastjóri hafi verið spurður við málsmeðferð í héraðsdómi hvers vegna lénið sirkus hafi verið skráð með S en aldrei hafi verið spurt hvort lénið hafi einnig verið skráð með C. Hið rétta sé að bæði lénin hafi verið skráð. Skráning lénsins sirkus.is hafi verið fullkomlega í samræmi við vinnureglur ISNIC. Hugmyndin að sjónvarpsstöðinni Sirkus sé uppsprottin innan Íslenska sjónvarpsfélagsins og því hafi fyrirtækið verið í fullum rétti til að skrá lénið og einnig framselja það.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. október 2006, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Helgi Hermannsson yfir skráningu og notkun Skjásins miðla ehf. (áður Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.) á léninu sirkus.is. Helgi sé skráður eigandi orð- og myndmerkisins Sirkus hjá Einkaleyfastofu en Skjárinn miðlar hafi fengið lénið skráð. Skjárinn miðlar hafi enga lögmeta hagsmuni af notkun lénsins heldur sé tilgangurinn að koma í veg fyrir að sjónvarpsstöðin Sirkus geti starfrækt heimasíðu. Farið sé fram á að fyrirtækinu verði gert að afskrá lénið að viðlögðum dagsektum og að það verði sektað vegna brota gegn 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.



Skjárninn miðlar segir viðskiptahugmyndina Sirkus hafa orðið til innan fyrirtækisins og því hafi það lögmæta hagsmuni af skráningunni. Lénið sirkus.is sé ekki lengur í eigu fyrirtækisins heldur hafi öllum rétti verið afsalað til fyrirtækisins Sisól, sem reki veitingastað undir nafninu Sirkus og hafi skráningin verið fullkomlega í samræmi við vinnureglur ISNIC.

2.

Internet á Íslandi hf., ISNIC, sér um skráningu og úthlutun léna undir þjóðarléninu .is og hefur fyrirtækið sett reglur um lénaúthlutun. Vinnureglur ISNIC fyrir úrskurðarnefnd léna eru áþekkar þeim reglum sem WIPO (World Intellectual Property Organization) notar við úrlausn mála sem varða lénnöfn. Í reglunum sem kallast Uniform Domain Name Dispute Resolution Policy (UDRP) er að finna eftirfarandi skilyrði fyrir afskiptum af skráningu léna og verða öll skilyrði að vera uppfyllt:

- i) lénnafn er eins eða mjög líkt vörumerki sem kvartandi á; og
- ii) sá sem lénið skráði hafði engan rétt á eða lögmæta hagsmuni af lénnafninu; og
- iii) að góð trú hafi ekki ráðið skráningu eða notkun lénsins.

Eftirtalin atriði eru tekin sem dæmi um að ekki hafi verið sótt um lén í góðri trú:

- i) aðstæður bendi til að lénið hafi verið skráð í þeim tilgangi að selja, leigja eða flytja lénnafnið yfir á kvartanda sem sé eigandi vörumerkis, eða keppinautur kvartanda, fyrir umtalsvert hærra verð en kostnaður við lénnafnið er; eða
- ii) lénnafnið hafi verið skráð í þeim tilgangi að hindra eiganda vörumerkis í að skrá lénið; eða
- iii) lénnafnið hafi verið skráð til að trufla viðskipti keppinautar; eða
- iv) með notkun lénsins hafi af ásetningi, í viðskiptalegum tilgangi, verið reynt að laða Internetnotendur að öðru vefsetri með því að skapa rugling við kvartanda.

3.

Til stuðnings máli sínu vísar Helgi til 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005. Í 5. gr. kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Í 6. gr. er fjallað almennt um að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti. 12. gr. laganna hljóðar svo:



„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glöggt af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Ekki hefur annað komið fram en að lénnafnið sirkus.is og vörumerkið Sirkus séu skráð á réttan hátt hjá skráningaraðilum. Neytendastofa telur því að 2. málsliður 12. gr. komi til álita í máli þessu. Ber þá að líta til þess hvort skráningaraðili hafi verið í góðri trú og hvort hægt sé að ruglast á léninu og vörumerkinu.

Fram hefur komið að Helgi sé skráður eigandi vörumerkisins Sirkus og hann heimili 365 ljósvakamiðlum að nota Sirkus sem nafn sjónvarpsstöðvar og annarra fjölmiðla tengdri henni. Skjárinn miðlar á lénið sirkus.is en tengsl fyrirtækisins við orðið sirkus eru vandséð önnur en að viðskiptahugmyndin Sirkus hafi verið í umræðu innan fyrirtækisins.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, m.a. svokallaðra UDRP-reglna, fær Neytendastofa ekki séð að Skjárinn miðlar hafi verið í góðri trú þegar það skráði lénið sirkus.is og setti þar upp vefsetur sem beinir tölvunotendum á heimasíðu sína. Skjárinn miðlar hafi vísvitandi verið að vekja beint eða óbeint með neytendum hugmyndir um tengsl sjónvarpsstöðvarinnar Sirkus við Skjáinn miðla. Neytendastofa telur því að skráningin hafi verið framkvæmd til þess að hindra 365 ljósvakamiðla í að skrá lénið, valda ruglingi og trufla með því viðskipti fyrirtækisins. Slíkt telur Neytendastofa að brjóti í bága við góða viðskiptahætti samanber ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005. Jafnframt hafi Skjárinn miðlar brotið gegn ákvæðum 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 með því að nota lénið sirkus.is á þann hátt að gera megi ráð fyrir að neytendur myndu halda að lénið sýndi tengsl við 365 ljósvakamiðla.



Í málinu tilgreinir Helgi einnig að með skráningu lénsins sirkus.is hafi verið brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005. Með vísan til þess sem hér hefur þegar komið fram um þá ruglingshættu sem skráningin valdi og brot á 5. og 12. gr. laganna telur Neytendastofa ekki þörf á að fjalla einnig um brot á 6. gr. laga nr. 57/2005.

Framsál Skjásins miðla á léninu sirkus.is til fyrirtækisins Sisól átti sér stað á meðan mál þetta var til meðferðar hjá Neytendastofu. Sisól er ekki aðili máls og telur Neytendastofa því ekki ástæðu til nánari umfjöllunar um þetta atriði.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Skjárinn miðlar ehf., Skipholtí 31, Reykjavík, hefur með skráningu lénsins sirkus.is brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.“

Neytendastofa, 16. janúar 2007

Máli þessu var áfrýjað, sjá úrskurð áfrýjunarnefndar í [máli nr. 2/2007](#)